



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ  
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

# **Ársskýrsla Sprotasjóðs**

## **úthlutunarárið 2011-2012**

## Efnisyfirlit

Hlutverk Sprotasjóðs .....	1
Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2011-2012 .....	1
Umsýsluaðili.....	1
Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2011-2012 .....	2
Úthlutun Sprotasjóðs 2011-2012.....	2
Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2011-2012 .....	3
Samningar við styrkþega .....	4
Samantekt yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs .....	5
Rekstaryfirlit Sprotasjóðs í árslok 2011 .....	6
Viðauki 1 .....	7

## Hlutverk Sprotasjóðs

Sprotasjóður var stofnaður samkvæmt [15. gr. laga nr. 90/2008](#) um leikskóla, [34. gr. Laga nr. 91/2008](#) um grunnskóla og [53. gr. laga nr. 92/2008](#) um framhaldsskóla. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik- grunn- og framhaldsskólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá viðkomandi skólastiga. Sjá nánar um hlutverk sjóðsins í reglugerð hans [Nr. 242/2009](#).

## Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2011-2012

Vinna við úthlutunarárið hófst í mars að þessu sinni en ákveðið hefur verið að á næsta ári hefjist vinna við úthlutunarárið fyrr en verið hefur svo hægt sé að tilkynna skólum fyrr um styrkveitingar. Miðað er við að skólarnir verði búnir að fá svar frá sjóðnum í apríl. Í því fellst ákveðið hagræði fyrir skólana en þeir geta þar af leiðandi tekið mið af þeim verkefnum sem fá styrk við skipulag komandi skólaárs.

Mennta- og menningamálaráðherra skipaði við stofnun sjóðsins stjórn hans til fjögurra ára. Breytingar urðu hins vegar á stjórn sjóðsins á þessu ári. Elna Katrín Jónsdóttir, fulltrú Kennarasambandsins, sagði sig frá stjórnarsetu í sjóðnum. Í hennar stað situr nú í stjórninni Björg Bjarnadóttir, tilnefnd af KÍ. Finnur Friðriksson, tók sér leyfi frá stjórnarsetu í sjóðnum vegna flutninga erlendis en Anna Kristín Sigurðardóttir situr nú í stjórn í hans stað.

### **Stjórn Sprotasjóð 2012-2013 er skipuð þannig:**

Sigurjón Mýrdal, formaður, án tilnefningar

Rósa Gunnarsdóttir, án tilnefningar

Björg Bjarnadóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands

Svandís Ingimundardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Anna Kristín Sigurðardóttir, tilnefnd af Samstarfsnefnd háskólastigsins.

## Umsýsluaðili

Þann 1. júlí 2009, gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið samning við RHA- Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri um umsýslu og umsjón Sprotasjóðs til 3ja ára, byggðan á tilboði sem RHA setti fram 14. apríl 2009.

Samningur við umsýsluaðila hefur nú verið endurnýjaður til næstu 3ja ára, byggður á tilboði sem RHA gerði í árslok 2011. Samningurinn er með svipuðu sniði og áður en hefur þó verið útvíkkaður að því leiti að umsýsluaðili sér nú alfarið um rafrænt umsóknarferli sjóðsins en það var áður í höndum Stjórnarráðsins.

## **Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2011-2012**

Stjórn sjóðsins lagði til, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðherra, að áherslusvið sjóðsins fyrir úthlutunarárið 2011-2012 yrðu eftirfarandi:

- Tengsl skólastarfs og grenndarsamfélags út frá hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar
- Nemendur á mörkum skólastiga: Nám og kennsla
- Velferð í skólastarfi

Auglýsing um styrkumsóknir var send út af ráðuneytinu 25. mars til birtingar í dagblöðum. Auglýsingin var einnig sett inn á vef ráðuneytisins og umsýsluaðila [www.rha.is](http://www.rha.is). Einnig voru sendar út tilkynningar til allra leik-, grunn- og framhaldsskóla og vakin athygli á sjóðnum. Umsækjendum var gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Stjórnarráðsins á vefslóðinni [umsokn.stjr.is](http://umsokn.stjr.is) og var umsóknarfrestur til 28. apríl 2011.

## **Úthlutun Sprotasjóðs 2011-2012**

Samtals bárust 127 umsóknir til Sprotasjóðs og heildarupphæðin sem sótt var um var rúmlega 305 mkr. Stjórn sjóðsins fór yfir umsóknir og gerði tillögur til menntamálaráðherra og ráðherra ákvað að tillögu stjórnar að veita styrki til 34 verkefna að upphæð 44.400.000 mkr. Í töflu 1 má sjá hvernig styrkirnir dreifðust milli skólastiga og landshluta.

**Tafla 1.** Dreifing styrkja milli skólastiga og landshluta úthlutunarárið 2011-2012

	Höfuðb. svæðið	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðvesturl.	Norðausturl.	Austurland	Suðurland	Upphæð	Fjöldi
Leikskólar	3				1	1	1		7.100.000	6
Grunnskólar	6	3	1	1		2	1		12.900.000	14
Framhaldsskólar	4		1			1	1	3	19.900.000	10
Þvert á skólastig*	3					1			4.500.000	4
Alls	16	3	2	1	1	5	3	3	<b>44.400.000</b>	<b>34</b>

\*Allar umsóknir sem eru þvert á skólastig fela í sér samstarf milli leikskóla og grunnskóla.

## Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2011-2012

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau verkefni sem hlutu styrk úthlutunarárið 2011-2012

**Tafla 2.** Verkefni sem hlutu styrk fyrir skólaárið 2011-2012

Styrkþegar 2011			Úthlutun í kr.
Framhaldsskólastig	Nafn verkefnis		
<b>Tækniskólinn</b>	Verkefnastýrt nám		3.000.000
<b>Framhaldsskólinn í Austur - Skaftafellssýslu</b>	Fjarnámsbraut í auðlindanýtingu og umhverfisfræðum		2.500.000
<b>Borgarholtsskóli</b>	Frumkvöðlar í Borgarholtsskóla		3.500.000
<b>Fjölbraut í Ármúla</b>	Nýsköpunarbraut- Listir, hönnun, margmiðlun		2.500.000
<b>Menntaskólinn á Egilsstöðum</b>	Spannir og verkefnatímar		1.500.000
<b>Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu</b>	Sjálfbært og lýðræðislegt félagslíf í FAS		1.500.000
<b>Fjölbrautaskólinn í Breiðholti</b>	Hönd fylgir huga -grunnur að samstarfi húsasmíði og listnáms við atvinnulífið		1.500.000
<b>Framhaldsskólinn á Húsavík</b>	Nýsköpun og frumkvöðlamennt í FSH		900.000
<b>Fjölbrautaskóli Suðurlands</b>	Skólaþróunarverkefni FS-skemmtilegri skóli		1.500.000
<b>Fjölbrautaskóli Vesturlands</b>	Samþætting náms nemenda á starfsbraut og nemenda á öðrum brautum með kvikmyndagerð		1.500.000
Grunnskólastig	Nafn verkefnis		Úthlutun í kr.
<b>Borgarhólsskóli</b>	Að færa út landamæri getu sinnar og þekkingar		700.000
<b>Norðlingaskóli</b>	Að skapa í opnum rýmum		600.000
<b>Hlíðarskóla</b>	Tónlist, matur og menning		700.000
<b>Grunnskólinn Þingeyri</b>	"Vindum upp segl"		700.000
<b>Varmáarskóli</b>	Varmáarskóli-öndvegisskóli í vísindum og tæknimennt		1.000.000

<b>Lágafellsskóli</b>	Tækifæri til náms-nemendur með sérþarfir	1.000.000
<b>Litlulaugaskóli</b>	Fornleifaskóli barnanna	1.100.000
<b>Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar</b>	Samstarf kennara til eflingar náttúrufræðikennslu	1.300.000
<b>Grunnskóli Grindavíkur</b>	Fjölsmiðja - nýsköpun í námsumhverfi	1.000.000
<b>Grundaskóli</b>	Tónlistarval á unglingsstigi	1.400.000
<b>Grunnskóli Eskifjarðar</b>	Útikennsla og umhverfið	500.000
<b>Garðaskóli</b>	Samfélagsfræði í Second Life	700.000
<b>Háteigsskóli</b>	Ábyrgð og jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla	1.200.000
<b>Heiðarskóli</b>	Skapandi nám, áhugasamir nemendur	1.000.000
<b>Leikskólastig</b>	<b>Nafn verkefnis</b>	<b>Úthlutun í kr.</b>
<b>Leikskólinn Tjarnarland</b>	Betri bær- list án landamæra	1.400.000
<b>Leikskólinn Bakki</b>	Tæknikennsla leikskólabarna	1.000.000
<b>Samskiptamiðstöð heyrnalausra barnaskólinn</b>	Lesum fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn á leikskólaaldri.	1.000.000
<b>Leikskólinn Pálmholti</b>	Hringrásir allan ársins hring	1.800.000
<b>Leikskólinn Ásgarður Hvammstanga</b>	Leikur er barna yndi	1.400.000
<b>Leikskólinn Hulduheimar</b>	Regnbogadagur, enginn eins en allir saman	500.000
<b>Þvert á skólastig</b>	<b>Nafn verkefnis</b>	<b>Úthlutun í kr.</b>
<b>Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar</b>	Hljóm-List	1.000.000
<b>Lundarsel Akureyri</b>	Leikum og lærum saman	1.000.000
<b>Dalskóli</b>	Listir og menning í Dalskóla	1.000.000
<b>Garðaskóli</b>	Heimspækileg samræða í leik- og grunnskólum Garðabæjar	1.500.000
		<b><u>44.400.000</u></b>

## Samningar við styrkþega

Umsýsluaðili hóf gerð samninga við styrkþega í byrjun júní 2011 en vegna sumarleyfa var ekki unnt að klára samninga fyrr en eftir sumarfrí. Unnið var að samningum í ágúst og í september en að þessu sinni fór meiri tími í samningagerðina þar sem stjórn sjóðsins breytti verklagsreglum sínum varðandi verkefni sem hljóta minni styrk en sótt var um (sjá viðauka 1). Styrkþegum ber að skila rafrænum lokaskýrslum við lok verkefnis en einnig ber styrkþegum að skila áfangskýrslum ef verkefnin standa yfir lengur en í eitt ár.

Styrkþegum var sendur í pósti samningur í þrítili til undirritunar. Styrkþegar sendu tvö eintök til baka til umsýsluaðila en héldu einu eftir. Umsýsluaðili heldur eftir einu afriti en sendir það þriðja til bókhaldssviðs ráðuneytisins sem sér um að greiða út styrkuppþæðina samkvæmt þeim greiðsludögum sem kveðið er á um í hverjum samningi fyrir sig og grundvallast af lengd hvers verkefnis og verkáætlun þess.

### Samantekt yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs

Sprotasjóður hefur nú starfað í þrjú úthlutunartímabil, 2009-2010; 2010-2011; 2011-2012. Í töflu 3 hér fyrir neðan má sjá hvernig styrkir hafa skipst milli skólastiga á þessum þremur tímabilum.

**Tafla 3.** Yfirlit yfir úthlutunarár Sprotasjóðs

	2009-2010		2010-2011		2011-2012		Alls	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
<b>Leikskólar</b>	5	4.000.000	8	3.900.000	6	7.100.000	19	15.000.000
<b>Grunnskólar</b>	25	17.180.000	25	18.430.000	14	12.900.000	64	48.510.000
<b>Framhaldskólar</b>	9	11.900.000	8	11.500.000	10	19.900.000	27	43.300.000
<b>Þvert á skólastig</b>	5	10.350.000	6	10.950.000	4	4.500.000	15	25.800.000
<b>Alls</b>	<b>44</b>	<b>43.430.000</b>	<b>47</b>	<b>44.780.000</b>	<b>34</b>	<b>44.400.000</b>	125	132.610.000

Í töflunni má sjá að sjóðurinn hefur úthlutað tæplega 133 milljónum kr. til 125 þróunarverkefna á þessum þremur úthlutunartímabilum.

## Rekstaryfirlit Sprotasjóðs í árslok 2011

Ógreiddir úthlutaðir styrkir, öll úthlutunar árin, eru samtals 29.622.000 mkr. og þegar sú tala er dregin frá rekstrarafgangi ársins 2011, 35.860.780 mkr. er niðurstaðan sú að óráðstafað fé Sprotasjóð er 6.238.780 mkr. í árslok 2011.

**Tafla 4.** Rekstaryfirlit Sprotasjóðs í árslok 2011

<b>SPROTASJÓÐUR</b>	<b>2011</b>		
<b>Fjárlagaliður 02-720-134</b>	<b>Fjárheimild</b>	<b>Greitt</b>	
Fjárlög 2011	46.600.000		
Frá fyrra ári	39.206.000		
Launabætur	1.600.000		
<b>Styrkir:</b>			
Umsýslugjald til RHA		3.410.200	*
Þóknun greidd 1.7.2011		248.648	*
Ferða- og fundakostnaður		197.406	*
Auglýsingar		68.966	*
Greiddir styrkir skv. úthlutun 2009 og 2010		22.160.000	
Greiddir styrkir skv. úthlutun 2011		25.460.000	
<b>Samtals greitt 30. desember 2011</b>	<b>87.406.000</b>	<b>51.545.220</b>	
<b>Rekstrarafgangur</b>		<b>35.860.780</b>	
<b>Loforð ógreidd:</b>			
Eftirstöðvar styrkja sem úthl. voru 2009		4.580.000	
Eftirstöðvar styrkja sem úthl. voru 2010		7.002.000	
Eftirstöðvar styrkja sem úthl. voru 2011		18.040.000	
Samtals eftirstöðvar styrkja fyrir árin 2009-2011		<b>29.622.000</b>	
<b>Samtals inneign sjóðsins eftir allar greiðslur styrkja 2009-2011</b>		<b>6.238.780</b>	



## Viðauki 1

# Fundargerð 2. fundar stjórnar Sprotasjóðs 2011-2012

Fjarfundur var haldinn, 14. apríl 2011. Mættir voru á fjarfund í fundarherbergi Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar Sprotasjóðs, Rósa Gunnarsdóttir, Svandís Ingimundardóttir. Finnur Friðriksson, Aðalheiður Steingrimsdóttir, varamaður KÍ, ásamt Sigrúnu Vésteinsdóttur, verkefnisstjóra Sprotasjóðs sátu fjarfundinn í Háskólanum á Akureyri.

Sigurjón Mýrdal var fundarstjóri og setti fundinn kl. 14:30. Sigrún Vésteinsdóttir var ritari fundar. Ræddir voru eftirfarandi fundarliðir:

### 1) Breytingar á stjórn Sprotasjóðs

Elna Katrín hefur tilkynnt stjórn KÍ úrsögn úr stjórn sjóðsins þar sem störfum hennar sem varaformanns KÍ lýkur innan skamms. KÍ mun tilnefna nýjan fulltrúa í hennar stað en á fundinum að þessu sinni sat Aðalheiður Steingrimsdóttir formaður Félags framhaldskólakennara.

### 2) Verklag sjóðsins í tengslum við verkefni sem fá minni styrk en sótt var um

Stjórn sjóðsins telur að ef verkefnum er úthlutað minni styrk en sótt var um þá þurfi að skoða hver hlutfallsleg skerðing er af umsóttum styrk. Ef stjórn Sprotasjóðs styrkir verkefni um 50% af þeirri styrkupp hæð sem sótt var um eru umsækjendur beðnir að gera sérstaka grein fyrir því í staðfestingabréfi sem sent er til styrkhafa hvort að skerðing styrksins hafi áhrif á verkefnið. Einnig eru forsvarsmenn verkefna sem hljóta 50% minni styrk en sótt var um beðnir um að skila nýrri verkáætlun með samningi við Sprotasjóð. Öll skerðing til verkefnis yfir 35% af þeirri upphæð sem sótt var um þarf að fara sérstaklega yfir með stjórn sjóðsins og umsækjendum. Ef skerðing af umsóttri styrkupp hæð er um 20-35%, verður það tekið til skoðunar hjá umsýsluaðila og stjórn ef með þar. Ef skerðingin er undir 20% þá er gert ráð fyrir að verkefnið geti haldið þeirri verkáætlun sem lagt var upp með.

### 3) Reglur sjóðsins varðandi samninga um verkefni og nýtingu styrkja

Stjórn sjóðsins leggur til sett verði ákveðin tímamörk á það hve lengi styrkþegar/skólar megi frysta vinnu við verkefni. Miða skal við að vinna við verkefni hefjist á því úthlutunarári sem styrkurinn er veittur. Sett verður inn eftirfarandi ákvæði inn í samning Sprotasjóðs við styrkþega: *Vitja skal styrksins innan 6 mánaða frá dagsetningu samnings, að öðrum kosti fellur hann niður*

#### **4) Verkefni Sprotasjóðs**

Stjórn Sprotasjóð vill taka til skoðunar hvort að e.t.v sé hægt að bjóða út greiningarvinnu á verkefnum sem styrkt eru af Sprotasjóði, t.d greina niðurstöður/afrakstur verkefna og fjárhagsáætlun þeirra.

#### **4) Önnur mál**

Ræddir voru næstu fundir Sprotasjóðs. Þann 12. maí verður fyrsti fundur í yfirferð umsókna í Sprotasjóði. Annar fundur í yfirferð umsókna verður 19. maí en þá mun stjórn Sprotasjóðs hittast í Háskólanum á Akureyri. Gert er ráð fyrir að hægt verði að klára yfirferð umsókna á fundi stjórnar Sprotasjóðs þann 24. maí í menntamálaráðuneytinu.

Fundi slitið 15:30